STJÓRNARTÍÐINDI B 127 – 2000

Nr. 881 2458 12. desember 2000

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Suður-Mjódd, nýtt deiliskipulag.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 26. september 2000 deiliskipulag fyrir Suður-Mjódd í Reykjavík. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Reykjanesbraut og Breiðholtsbraut í norður, Skógarseli í austur, lóðamörkum húsa við neðanvert Þverársel til suðurs og óbyggðu svæði á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs til vesturs.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgartún 20, breyting á deiliskipulagi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. nóvember 2000 breytingu á deiliskipulagi við Borgartún varðandi lóðina nr. 20. Breytingin felur m.a. í sér heimild til að breyta notkun hluta hússins á lóðinni, byggja við húsið, fjölgun bílastæða og breytingu á bílastæðafyrirkomulagi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fiskislóð 10, breyting á deiliskipulagi Vesturhafnar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 28. nóvember 2000 breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar í Reykjavík varðandi lóðina nr. 10 við Fiskislóð. Breytingin felur m.a. í sér breytingu á byggingarreit og mænishæð hússins.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 12. desember 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson
skipulagsstjóri Reykjavíkur.

Ívar Pálsson.

Gutenberg